

23. nóvember 2023

Efni:

154. löggjafarþing 2023–2024. Þingskjal 61 — 61. mál.  
Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt

## Umsögn frá Vinum íslenskrar náttúru (VÍN)

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 9. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Vina íslenskrar náttúru (VÍN) um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt.

### Umsögn

VÍN tekur undir margt af því sem kemur fram í þingsályktunartillögunni og styður, t.d. eindregið endurheimt náttúrlegra vistkerfa, þ.m.t. endurheimt jarðvegs, birkiskóga og votlendis. VÍN leggur hins vegar sérstaka áherslu á að hvert það verkefni sem snýr að kolefnisbindingu sé ekki í andstöðu við vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Virðingarleysi fyrir íslensku lífríki og náttúru, t.d. með skógrækt í stórum stíl með framandi tegundum, sem sumar eru ágengar, er að verða stórvandamál sem mun aukast á næstu áratugum. Nú þegar er verið að eyðileggja náttúrleg og fullgróin vistkerfi í stórum stíl, svo sem mólendi og votlendi, í nafni kolefnisbindingar.

Að mati VÍN er mjög áriðandi að allar aðgerðir við kolefnisbindingu séu vel skipulagðar meðal annars, með tilliti til verndar náttúru- og menningarminja. Því er afar mikilvægt að stjórnvöld ýti ekki undir ómarkvissar aðgerðir, t.d. í skógrækt, þar sem ítrekað er blandað saman, beint og óbeint, háleitum og oft óraunhæfum markmiðum um kolefnisbindingu við endurheimt náttúrlegra vistkerfa og uppgræðslu lands. Kolefnisbinding með skógrækt og endurheimt vistkerfa er margþætt langtímaverkefni sem ekki er hægt að nýta til að kolefnisjafna núverandi losun fyrirtækja eða einstaklinga. Endurheimt votlendis er undanskilin því hún er mun fljótlegri loftslagsaðgerð vegna þess að með hækkun vatnsborðs dregur strax úr losun gróðurhúsalofttegunda auk þess sem endurheimt votlendis er mikilvæg aðgerð til verndar líffræðilegrar fjölbreytni.

VÍN vill vara við því að hugtakið þjóðaráttak sé notað kæruleysislega. Til dæmis á þann hátt að gengið sé út frá því að öll þjóðin standi að baki ákveðinni hugmyndafræði og stjórnvöld veiti því verkefnum fjárhagslegan stuðning. Nú þegar er verulegum fjármunum veitt til skógræktar sem mikill ágreiningur er um. Þjóðaráttak sem ekki verndar lífríki Íslands bætir ekki þar um.

Í tillögunni er miðað við að þátttaka almennings verði tvíþætt, annars vegar með beinni þátttöku í landgræðslu og skógrækt undir leiðsögn Lands og skógar og hins vegar sem aðgerð til kolefnisjöfnunar. Hvernig þetta yrði í raun er ekki ljóst. Miðað við reynslu af starfsemi ýmissa

félagasamtaka í skógrækt eru talsverðar líkur á að tegundanotkun yrði með þeim hætti að náttúrlegu lífríki stafi hætta af og að kolefnisjafna kolefnisspor sitt með slíkum aðgerðum gengur ekki upp.

VÍN vill benda á mikilvægi þess að stjórna landnýtingu og meðferð lands með sjálfbærum hætti þannig að land geti gróið upp sem mest af sjálfsdáðum sem mun síðan draga úr kolefnislosun og auka bindingu. Stjórnun beitar er þar lykilatriði bæði til að auka möguleika á endurheimt birkiskóga þar sem það er æskilegt en einnig til að viðhalda fjölbreyttum verðmætum í gróðri og dýralífi með hóflegri beit.

### Lokaorð

Vinir íslenskrar náttúru eru gagnrýnir á að farið sé í sérstakt þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt eins og það er lagt fram í þingsályktunartillögunni. Verði það gert þarf að tryggja að verkefnið stuðli að verndun líffræðilegrar fjölbreytni, stuðli að endurheimt vistkerfa og sé að öðru leyti í samræmi við náttúruverndarlög og þá alþjóðlegu samninga sem við höfum undirritað um verndun íslenskrar náttúru og jarðvegsvernd. Það er óraunhæft og óheppilegt að tengja þetta áttak við kolefnisjöfnun almennings.

Ef óskað er eftir er VÍN tilbúið til að senda fulltrúa frá félaginu á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að ræða framangreint mál.

Að lokum vill VÍN benda á margar greinar í [greinasafni félagsins](#) til útskýringar og stuðnings þess er kemur fram í þessari umsögn, sérstaklega tvær nýjar greinar sem tengjast málinu beint:

- [Skógrækt er ekki alltaf sjálfsögð sem loftslagsaðgerð](#)
- [Grænþvottur Stjórnarráðsins](#)

Fyrir hönd Vina íslenskrar náttúru



Sveinn Runólfsson, formaður